

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.**

Með vísan til 2. mgr. 5. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013-2017, dagsetts 28. september 2012 sbr. gr. 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingum, og gr. 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dagsettum 25. janúar 2007, með síðari breytingum, hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða. Reglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. apríl 2013.*

F. h. r.  
**Kristinn Hugason.**

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **REGLUR um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.**

##### 1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði vegna jarðræktar og hreinsunar affallsskurða, skv. 5. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dagsetts 28. september 2012 sbr. gr. 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingum, og gr. 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dagsettum 25. janúar 2007, með síðari breytingum.

Við framkvæmd þessara reglna skal leitast við að ná markmiðum ofangreindra samninga.

##### 2. gr.

Ár hvert auglýsa Bændasamtök Íslands, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um framlög vegna jarðræktar og hreinsunar á affallsskurðum. Umsóknunum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eða á rafrænu formi, eigi síðar en 10. september ár hvert vegna framkvæmda á árinu.

Í umsókn bús um framlög samkvæmt 3. gr. skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á. Jafnframt skal umsækjandi ef óskað er eftir leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og virðisaukaskattsnúmer.

Í umsókn aðila um framlög samkvæmt 4. gr. skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda. Umsókn skal fylgja uppdráttur af framkvæmdasvæði og staðfesting eigenda lands á samþykki fyrir framkvæmdinni.

##### 3. gr.

Framlög má veita til sáningar á ræktarlandi þar sem korn-, tún-, grænfóður- og olíujurtarækt er ætluð til fóður- og matvælaframleiðslu, beitar eða iðnaðar. Framlög má aðeins veita ef heildarflatarmál ræktunarinnar er a.m.k. 2 ha. Uppskera er kvöð.

Framlag á hvern hektara fyrir hvert bú er kr. 17.000 á ha frá 1-30 ha og kr. 12.000 á ha frá 30-60 ha. Framangreind stærðarmörk eru 2,5 sinnum hærrí á svínabúum. Greitt er út á heila hektara og venjulegar reglur um upphækkanir gilda. Framlög skerðast á hvern hektara hlutfallslega ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður deilist hann jafnt á alla ræktaða hektara.

#### 4. gr.

Þá má veita framlög til hreinsunar affallsskurða. Framlög má veita til upphreinsunar á stórum affallsskurðum sem taka við vatni af stóru vatnsvæði. Skilyrði er að skurðirnir séu hreinsaðir bakka á milli og séu minnst 6 m breiðir að ofan.

Framlag á hvern kílómetra er kr. 125.000. Greitt er út á hundruð metra og venjulegar reglur um upphækkanir gilda. Framlög má aðeins veita ef heildarlengd er a.m.k. 100 metrar.

Á hverju ári skulu allt að kr. 10.000.000 renna til hreinsunar affallsskurða. Framlög skerðast á hvern kílómetra hlutfallslega ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður skal hann ekki deilast út.

#### 5. gr.

Bændasamtök Íslands annast úthlutun framlaga samkvæmt þessum reglum.

#### 6. gr.

Umsækjendur um framlög samkvæmt 3. gr. geta verið bú, þ.e. rekstrareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld starfsemi er stunduð og hafa sérstakt virðisaukaskattsnúmer.

Með svínabúi, sbr. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna, er átt við bú þar sem stunduð er starfsleyfis-skyld ræktun, eldi eða sala á svínum, haldnar eru að jafnaði a.m.k. 10 fengnar eða mjólkandi gyltur ásamt grísum eða þar sem er sambærileg ræktun eða eldi að mati ráðunauts, og þar sem uppskera ræktunar sem framlög fást til er til notkunar á viðkomandi búi.

Umsækjendur um framlög samkvæmt 4. gr. geta verið bú, sbr. 1. mgr., búnaðarfélög, sveitarfélög, ræktunarsambönd o.fl.

#### 7. gr.

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt. Bændasamtök Íslands setja sérstakar verklagsreglur um framkvæmd úttekta sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfestir. Reglurnar kveða m.a. á um hvenær úttektum skuli vera lokið. Til að standast úttekt þarf m.a. að liggja fyrir viðurkennt túnkort af ræktarlandinu, t.d. úr túnkortagrunni Bændasamtaka Íslands.

Úttektir á framkvæmdum skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

#### 8. gr.

Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um heildarfjárhæðir greiddra framlaga samkvæmt reglum þessum þar sem koma fram sundurliðaðar upplýsingar um viðtakendur, fjárhæðir og verkefni, skv. 3. mgr. 9. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dagsetts 28. september 2012, sbr. gr. 6.3 samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dagsetts 25. janúar 2007, með síðari breytingum.

#### 9. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar skv. 5. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dagsetts 28. september 2012, sbr. gr. 6.3 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dagsettum 25. janúar 2007, með síðari breytingum, og gr. 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingu.

Nr. 363

10. apríl 2013

Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og gildistími þeirra er sá sami og framangreindra samninga.

*Reykjavík, 10. apríl 2013.*  
F.h. Bændasamtaka Íslands,  
**Eiríkur Blöndal.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2013